

Family Farm

Fjölskylduhamingja

Fyrir börn á aldrinum 3-7 ára

2-4 leikmenn

28 spil

15 mínútur

Markmið leiksins: að sameina margar fjölskyldur.

Spilið er tilvalið til að þjálf:

- Athygli
- Einbeitingu
- Herkænsku

Undirbúningur:

Spilin eru stokkuð og hverjum leikmanni gefin 4. Afgangsspilin mynda dragbunka. Leikið er réttsælið. Yngsti leikmaðurinn byrjar.

Leikreglur:

Hver fjölskylda samanstendur af 4 spilum: pabbi, mamma, dóttir og sonur. Leikmenn skiptast á að biðja andstæðing að eigin vali um spil sem honum vantar til að mynda heila fjölskyldu. Til dæmis:

„Ég vil stelpuna úr kanínufjölskyldunni!“

Ef andstæðingurinn á spilið sem beðið er um, verður hann að láta það af hendi. Leikmaðurinn má þá biðja um annað spil, annað hvort frá sama andstæðingi eða öðrum. Ef andstæðingurinn á ekki umbeðið spil, dregur leikmaðurinn úr dragbunkanum. Ef hann dregur rétta spilið segir hann „Vel dregið!“ og heldur áfram að leika. Annars á næsti leikmaður leik.

Þegar leikmaður hefur safnað í heila fjölskyldu, leggur hann spilin niður og segir „fjölskylda“. Í leikslök, sigrar sá sem sameinað hefur flestar fjölskyldur.